

Fréttatilkynning vegna ársreiknings Sorpu b.s. fyrir árið 2008, sem samþykkt var af stjórn samlagsins þann 23. febrúar 2009.

Sorpu b.s er byggðasamlag, sem stofnað er í samræmi við ákvæði VII kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (áður IX kafla laga nr 8/1986) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast sorpeyðingu fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Sveitarfélögin, sem aðild eiga að byggðasamlaginu, bera "in solidum" einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum.

Niðurstöður:

Hagnaður Sorpu b.s. á árinu 2008 nam 4,2 millj.kr. en var 161,2 millj.kr. árið 2007. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir nam 250,5 millj.kr. á árinu 2008 en var 307,2 millj.kr. á árinu 2007. Rekstrartekjur samlagsins námu 2.048,6 millj.kr. árið 2008 samanborið við 2.006,2 millj.kr. árið 2007 sem er 2,1% hækkun. Rekstrargjöld, án afskrifta og fjármagnsliða voru 1.798,2 millj.kr. samanborið við 1.699,1 millj.kr. 2007 og er hækkunin tæp 6%.

Heildareignir samlagsins 31. desember 2008 námu 1.885,9 millj.kr. og heildarskuldir 778,8 millj.kr. Eigið fé 31. desember 2008 var 1.107 millj.kr. og hafði aukist um 8,4 millj.kr. frá því í upphafi árs. Eiginfjárhlutfall var tæp 59% en var í lok síðasta árs rúmlega 60%.

Handbært fé frá rekstri á árinu 2008 var 383,9 millj.kr. en var árið 2007 262,8 millj.kr. Veltufjárhlutfall í árslok 2008 var 1,2 og handbært fé nam 290,5 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar ársins 2008 námu 216,9 millj.kr. og fjármögnunarahreyfingar tæpar 137,4 millj.kr.

Reikningsskilaaðferðir:

Ársreikningur Sorpu b.s. er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sorpu b.s.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sorpu b.s. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda.

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við endurskoðunarstaðla á Íslandi. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér öflun endurskoðunargagna er varða fjárhæðir og skýringar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga.

Lykiltölur úr ársreikningum

fjárbæðir í þús.kr.

Rekstrarreikningur:	2008	2007	2006	2005	2004
Rekstrartekjur.....	2.048.639	2.006.247	1.694.678	1.498.832	1.341.938
Rekstrargjöld.....	1.798.190	1.699.081	1.516.419	1.332.668	1.193.645
Hagnaður f. afskriftir.....	250.449	307.167	178.259	166.164	148.293
Afskriftir.....	120.306	147.568	105.567	97.966	69.707
Hagnaður f. fjárm.liði	130.143	159.598	72.693	68.198	78.586
Fjármagnsliðir.....	(125.993)	1.673	(62.673)	(13.488)	(24.703)
Hagnaður ársins.....	4.150	161.272	10.020	54.710	53.883
Efnahagur:					
Fastafjármunir.....	1.340.504	1.242.915	1.372.561	1.294.154	1.467.814
Veltufjármunir.....	545.357	581.080	420.724	291.318	228.286
Eignir samtals.....	1.885.861	1.823.995	1.793.284	1.585.471	1.696.100
Eigið fé	1.107.017	1.098.654	933.644	920.066	862.021
Langtímaskuldir.....	324.856	327.026	459.574	377.223	575.728
Skammtímaskuldir.....	453.988	398.315	400.066	288.182	258.351
Eigið fé og sk. samtals.....	1.885.861	1.823.995	1.793.284	1.585.471	1.696.100

Sjóðstreymi:

Handbært fé frá rekstri.....	262.809	262.809	91.903	172.382	143.890
Fjárfestingahreyfingar.....	(15.594)	(15.594)	(177.559)	(117.050)	(11.843)
Fjármögnunarahreyfinga.....	(125.819)	(125.819)	103.961	(228.699)	(40.796)
Hækkun(lækkun)á handbæru fé...	121.397	121.397	18.305	(173.367)	91.251
Handbært fé í upphafi árs.....	139.412	139.412	121.106	294.473	203.222
Handbært fé í lok árs	260.808	260.808	139.412	121.106	294.473

Helstu kennitölur félagsins

Veltufjárhlutfall	1,20	1,46	1,05	1,01	1,70
Eiginfjárhlutfall.....	58,70%	60,23%	52,06%	58,03%	50,82%
Arðsemi eigin fjár	0,38%	15,87%	1,08%	6,14%	6,50%
Meðalfj. starfsmanna.....	99	96	90	85	85

Reykjavík, 23 febrúar 2009

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir, löggiltur endurskoðandi

Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi

Horfur:

Rekstur Sorpu b.s. á árinu 2008 er að mestu í samræmi við áætlanir samlagsins fyrir utan fjármagnsliði en gert er ráð fyrir að rekstur ársins 2009 dragist saman en verði í samræmi við áætlanir fyrir árið 2009.